



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4. tbl. 2006, - 16. árg.
Apríl 2006

Kvöldverður og söngskemmtun 26. maí 2006

Föstudaginn 26. maí verður kirkjunefnd með kvöldverð og söngskemmtun í kastalanum í Bourglinster.

Skemmtunin hefst kl. 19:00. Á meðan við gæðum okkur á góðum mat og eða á milli rétta fáum við að njóta söngs

einsöngvarana, Eyjólfssonar, Braga Bergþórssonar og íslenska kórsins frá Lundúnum.

Skemmtun og kvöldverður kosta € 65,- á mann.

Þar sem sætaframboð er takmarkað viljum við biðja fólk að

panta sæti hjá Maríu Huesmann í 358 556 eða senda e-mail til Eyjólfssonar á ehauksson3@hotmail.com.

Kirkjunefnd hlakkar og vonast til að sjá sem flesta.

Kirkjunefndin

Í þessu blaði:

Kvöldverður kirkjunefndar	1
Guðsþjónusta 28. maí	1
Aðalfundur FÍL	1
Þjóðhátíðarskemmtun FÍL	2
Iceland Express	2
Réttindi skólabarna	2
Euro-Ice golfmót	2
66° Norður í Luxembourg	3
Skemmtigarðar	3
Ráðagóða og heimilishornið	3
Áhugavert	3
Skólafrídagar	3
Litlu dálkarnir	4

Guðsþjónusta 28. maí 2006

Séra Sigurður Arnarson kemur og messar í Luxembourg sunnudaginn 28. maí næstkomandi.

Með honum koma 2 einsöngvarar og íslenski kórinn í Lundúnum ásamt undirleikara.

Guðsþjónustan hefst kl. 14:00 í kirkju hinnar heilögu þrenningar (mótmælendakirkjunnar), 5 rue de la Congrégation, Luxembourg.

Messukaffi verður svo í beinu framhaldi á Arizona Lounge og eru allir beðnir um að koma með kökur með sér.

Séra Sigurður kemur til Luxembourgar fimmtudaginn 25. maí og er til viðtals fram á sunnudag. Þeir sem vilja hitta hann geta bókað tíma hjá honum fyrirfram með því að hafa samband við hann í farsíma +44 7766 020902.

Kirkjunefndin

Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg

Aðalfundur félagsins verður haldin 30. maí kl. 20:30 á Arizona Lounge, Lux Tech Center, 2-4 rue Edmond Reuter, Contern.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Veitingastaðurinn verður opinn og geta þeir sem áhuga hafa, snætt kvöldverð fyrir fundinn. Borðapantanir í síma 26 701 490.

Þeir sem áhuga hafa á því að vinna í stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg hafi samband við Matthildi í síma 787 077 1 eða 021 142 060.

Stjórn FÍL

Frá gjaldkera FÍL

Kæru félagar.

Með þessu fréttabréfi sendum við félagsskírteini til allra þeirra félaga sem greitt hafa félagsgjöld fyrir starfsárið 2006-2007.

Við höfum látið fylgja með gíróseðil til þeirra sem ekki hafa greitt eða hafa ekki greitt rétta upphæð.

Ef einhver telur sig hafa greitt félagsgjöldin þá vinsamlegast hafið samband við mig í síma 021 224 312 eða sendið mér e-mail á netfangið ingabirnaa@hotmail.com.

*Gjaldkeri FÍL
Inga Birna Antonsdóttir*

Frá ræðismanni

Ísland hefur tekið upp ný vegabréf sem nefnast á ensku "biometric Passports."

Nú er ekki lengur hægt að sækja um vegabréf hjá ræðismanninum heldur þarf að fara til Íslands til að fá nýtt vegabréf.

Ræðismaðurinn getur þó framlengt vegabréf í allt að 1 ár og gefið út neyðarvegabréf.

Ræðismaðurinn mun senda okkur nánari upplýsingar fljótlega og munum við setja þær á vefinn okkar. Skrifstofa hans er með aðsetur á Plaze Grande-Duchesse Charlotte, 65 boulevard Grande-Duchesse Charlotte, L-1331 Luxembourg og síminn er 26 449 117.

Stjórn FÍL



Á döfinni:

- Iceland Express 16. maí
- Kvöldverður kirkjunefndar 26. maí, bls. 1
- Guðsþjónusta 28. maí, bls. 1
- Sýning í Foire International The Night-Run 25. -27. maí 66° Norður með sölubás, sjá bls. 3
- Þjóðhátíðarskemmtun FÍL, 17. júní, sjá bls. 2
- Áhugavert, sjá bls. 2

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL verður haldin laugardaginn 17. júní, takið daginn frá, sjá bls. 2



Skipstjóri í afleysingum

Hann var í frii og lá í landi að leysa af heima var enginn vandi, konan var að því komin að fæða og hvergi um húshjálp að ræða. En hvað munar karlmann um kerlingarstörfin þó kannski sé stundum fyrir þau þörfin? Konan var heima og hafði engu að sinna nema hugsa um krakka, það er ekki vinna. Hún sagði: "Elskan þú þarft ekkert að gera, aðeins hjá börnunum heima að vera, ég er búin að öllu, þvo og þjóna, þú þarft ekki að bæta, sauma eða þrjóna." Matur er útbúinn allur í kistunni, það ætti að duga svona í fyrstunni, aðeins að líta eftir öngunum átta ylja upp matinn og láta þau háttá." Nú skyldi hann hafa það náðugt og lesa og ná sér í ærlegan skemmtipésa, hann var ekki sestur og var nokkuð hissa er vældi í krakka: "Ég þarf að pissa." Vart þeirri athöfn var að ljúka er veinaði annar: "Ég þarf að kúka." Þarna var enginn einasti friður ef ætlaði hann að tylla sér niður. Dagurinn leið svo í sífelldum önnum sem ei voru bjóðandi mönnum, þvilíkt og annað eins aldrei í lífinu útstaðið hafði hann í veraldarkífinu. Ölduna stíga í ósjó og brælum var ekkert hjá þessu, það kallaði hann sælu, en þeytast um kófsveittur skammtandi og skeinandi skiljandi áflogaseggina veinandi! Ef eitt þurfti að éta, varð annað að skíta og engin friður í bók að líta, en hún sagði: "Elskan, þú þarft ekkert að gera aðeins hjá börnunum heima að vera." Nú voru krakkarnir komnir í rúmið. Kyrrlátt og sefandi vornætur húmið seiddi í draumheimana angana átta en ekki var pabbi farinn að háttá. Hann stóð þarna úfinn, úrvinda og sveittur yfir sig stressaður, svangur og þreyttur, og horfði yfir stofuna: "Hamingjan sanna hér á að teljast bústaður manna." "Það skyldi hann aldrei á ævinni gera í afleysingu slíkri sem þessari vera, þó væri í boði og á því væri raunin að þau væru tvöfölduð skipstjóraunin." En þetta á konan kauplaust að vinna og kallað að hún hafi engu að sinna af daglangri reynslu hans virtist það vera að það væri stundum eitthvað að gera. Áfram með störfín ótt líður tíminn Æ" aldrei friður nú hringir síminn, halló, var sagt, það er sætt ég túlka, þér er sonur fæddur og yndisleg stúlka. Hann settist á stól og fann til svima og klígju, hvað sagði hún að krakkarnir væru orðnir tíu," Ég þarf að taka til öruggra varna, ég ákveð á stundinni að hætta að barna.

Viðförli netverjinn

Þjóðhátíðarskemmtun 17. júní 2006

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins verður haldin á tjaldstæðinu (Camping) í Godbrange laugar-daginn 17. júní.

Fyrirhugað er að skemmtunin byrji kl. 14:00 og ljúki um 18:00.

Við munum að sjálfsgöðu vera með íslenskar pylsur, íslenskt nammi og íslensk lambalæri.

Næg bílastæði eru á tjaldstæðinu.

Hægt er að tjalda á svæðinu og skapa smá útilegustemmningu eins og á Íslandi.

Munið að klæða ykkur eftir veðri og gott er

að hafa vasaljós við hendina því það dimmir mjög snögglega.

Camping barinn sér um sölu á drykkjum og er fólki vinsamlegast bent á að versla við barinn.

Okkur vantar alltaf fólk til að hjálpa til við hina ýmsu hluti og værum við ósköp glöð ef einhverjir myndu nú hafa samband við okkur og bjóða fram hjálpa sína.

Við munum senda út nánari dagskrá þegar nær líður.

Stjórn FÍL

Réttindi skólabarna

Vert er að benda foreldrum og þeim börnum sem útskrifast úr grunnskóla með tilskylda einkunn, á réttindi barnanna innan hvers bæjarfélags fyrir sig (Commune).

Börnin eiga rétt á verðlaunum í lok hvers skólaárs, ef þau hafa náð tilskildum árangri. Þessi verðlaun þarf að sækja til bæjarfélagsins og sýna þarf prófskírteini til að geta sótt um þau.

Mismunandi er hversu há verðlaunin eru á milli bæjarfélaga.

Verðlaunin hvetja vonandi börnin til frekari náms.

Félagsmaður

Euro-Ice golfmót

Eins og auglýst í mars blaði Brúarinnar þá verður 10 ára afmælishátíðargolfmót EURO-ICE haldið dagana 28. september til 1. október í Golf Disneyland í Frakklandi í næsta nágrenni við Disneyland Paris. Áður birta auglýsingu er unnt að nálgast í heild sinni á www.islandus.net

Óskilamunir

Vinsamlegast athugið að enn eru óskilamunir frá samkomum FÍL.

Frá þorablótinu; svartur leðurjakki á karlmann, bindisnæla, eyrnalokkur, greiða, varalitur og augnblyantur.

Frá jólaballinu; tveir kökudiskar.

Einnig er óvitjað frá eldri skemmtunum; trefill og bleik eyrnarskjól. Upplýsingar gefur ritstjóri í síma 365163.

Iceland Express

Iceland Express byrjar aftur flug til Frankfurt Hahn þann 16. maí og verður flogið 4 sinnum í viku, á laugardögum, þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum í sumar.

Félagið hefur einnig ákveðið að fljúga í vetur 2 sinnum í viku og verður flogið á mánudögum og föstudögum, kvöldflug.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.de

Sími í Frankfurt Hahn sem veitir upplýsingar um komu og brottfarir er +49 6543 509 113.

Rúta gengur á milli Luxembourgar og Frankfurt Hahn flugvallar, 11 sinnum á dag til Luxembourgar og 10 sinnum á dag frá Luxembourg.

Hægt er að kaupa miða á vefsíðunni, www.easybycoach.com



Hvernig er best að viðhalda ástinni í hjónabandinu?

Maður á að segja konunni sinni að hún sé falleg, jafnvel þótt hún líti út eins og vörubíll.

Ríkharður, 10 ára



Eins og áður hefur verið sagt frá í Brúnni er nú hægt að kaupa vörur 66°Norður hér í Luxembourg svo ekki þarf ekki lengur að ná í vörurnar til Íslands.

Sérstakur afsláttur verður veittur til Íslendinga. Vörurnar er hægt að fá afhentar í Luxembourg eða heimsendar.

Kíkið á úrvalið á www.66north.is eða www.66north.com fullt af nýjum, fallegum og skemmtilegum vörum á alla fjölskylduna. Ný og fersk hönnun. Ekkert mál með stærðir, allar upplýsingar á vefsíðunni eða hafið samband við undirritaða.

Sölubás vegna The Night-Run 25 - 27. maí

Í sýningarhöllinni í Luxembourg, Foire International, (sama stað og Bazaarinn er ár hvert) verður sýning af tilefni The Night-Run, þar sem talið er að 4-5000 maraþonhlauparar taki þátt og allt að 12.000 gestir muni koma og sjá sýninguna.

Frábært tækifæri að skoða og/eða kaupa 66° Norður vörurnar á sýningunni.

Opnunartími sýningarinnar

Fimmtudaginn 25. maí	kl. 16:00 - 20:00
Föstudaginn 26. maí	kl. 10:00 - 20:00
Laugardaginn 27. maí	kl. 10:00 - 24:00

Guðbjörg Steinarrsdóttir
Gsm 091 637 888
Hs 365 163
e-mail gst@gmx.co.uk

Texti úr Spunalífinu

LAG : TÖFRABANKINN

Lag: Gleðibankinn

Fjármagnið vex hratt
Og okkar banka-gjöld
Græðum sérhvern dag
Höldum hóf í kvöld

Ef þið hafið áhyggjur af öllum auka seðlunum
Elskurnar þeir eru "seif" í töfrabankanum

Kúnnahópurinn

Er á við gullinn grút

Leggja bara inn

Taka ekkert út

Sýndarmenskan uppmáluð við höldum veisli í tjaldinu
Og bjóðum þangað öllu íslenska auðvaldinu

Þú skalt skála hér í kvöld og gúffa niður steik af stakri list og láttu heyra að við bankastjórann sértu dús
Kósi lítið tjald var reist hér til þess að við gætum hist þú veist að hér í töfrabankanum er bara plús

Þú skalt syngja lítið lag um gróðavonina í brjósti þér
Og láttu heyra að við bankastjórann sértu dús
Kósi lítið lag sem lokkað gæti hingað hvern sem er
Þú veist að hér í töfrabankanum er bara plús

Stjórn Spuna

Ráðagóðahornið

Stálhnífapör

Ef stálhnífapör hafa fengið ljóta bletti, má reyna að láta þau liggja í ediksvatni yfir nótt.

Blaut stígvél

Takið fram ryksuguna og stillið á útblástur, setjið slönguna niður í stígvélin og þá þorna þau á stuttri stundu.

Skemmtigarðar

Nú, þegar hitna fer í veðri, gæti verið áhugavert að kynna sér möguleika til útivistar í Luxembourg og í nágrenni. Þar koma margir skemmtigarðar á óvart samanber stutt yfirlit hér að neðan og ítreka skal að hér er aðeins um brot að ræða í margbrotnu úrvali.

Luxembourg

PARC MERVEILLEUX í Bettembourg er lítill en skemmtilegur garður, dýralíf, leikvellir fyrir börn o.fl..
www.park-merveilleux.lu

Þýskaland

Eifelpark 750.000 fermetra fjölskyldugarður í Gondorf við Bitburg. Dýralíf, leikvöllur fyrir börn, leiktæki fyrir börn og fullorðna o.fl..
www.eifelpark.de

Legoland, rétt við Ulm, er stór og skemmtilegur garður þar sem flest er byggt úr legokubbum í öllum stærðum. Leikvellir fyrir börn, alls konar leiktæki fyrir börn og fullorðna, mikið að sjá og skoða.

Á www.lego.com má einnig skoða Legoland í Billund, Californiu og Windsor.
www.legoland.de

Phantasialand í Bruhl, rétt við Köln er mjög stór og skemmtilegur garður með öllu mögulegu fyrir alla fjölskylduna.
www.phantasialand.de

Ravensburger Spieleland er nálægt Friedrekshafen. Mjög skemmtilegur garður fyrir alla fjölskylduna, ekki bara púsluspil, heldur fullt af skemmilegum uppákomum.
www.ravensburger.de/spieleland/

Minimundus er einnig mjög áhugavert að skoða, frægur byggingar og umhverfi þeirra liggja við fætur ykkar. Staðsett við hliðina á Ravensburger Spieleland.
www.minimundus-bodensee.de

Frakkland og Belgía hafa líka ýmislegt að bjóða sem bíður næstu Brúar.

Ritstjóri

Heimilishornið

Riffrildisbrauð

5 dl	mjólk
100 g	smjörlíki
50 g	þurrger
1 msk	sykur
2 tsk	salt
1 stk	egg
900 g	hveiti
1	egg til að pensla með
	rifinn ostur
	birkfirfræ

Bræðið smjörlíkið og velgið síðan mjólkina og egginn þar til blandan verður ylvog. Blandið öllum þurrrefnunum saman, líka gerinu, í hrærivél og hrærið í örskamma stund. Þar næst er vökvanum hellt saman við og vélin látin hnoða deigið.

Látið hefast í 45 mínútur. Því næst eru búnar til bollur úr deiginu og þeim raðað í hring á tvær plötur. Ein bolla er höfð í miðjunni, þá er settur hringur utan um hana og annar hringur þar utan um. Penslið með eggi og stráið osti og birkfirfræjum yfir. Þetta er látið hefa sig undir klút í 30 mínútur. Bakað við 200 g C í 20–25 mínútur. Berið fram volgt.

Vikan

Skólafrídagar

Skólafrídagar í Luxembourg á núverandi skólaári í Luxembourg eru þessir:

25.05.2006
03.06. - 11.06.2006
23.06.2006

Sumarfrí 2006

15.07. - 14.09.2006

Ritstjóri

Áhugavert

10. júlí Fun Lovin Criminals, mánudaginn 10. júlí í Rockhal (Esch/Belwal). Euro 25.19
<http://www.e-ticket.lu>

12. júlí Sigur Rós, tónleikar miðvikudaginn, 12. júlí í Newmunster Abbey. Euro 29.00 (incl. all taxes).
<http://www.atelier.lu>

28. júlí SASHA, tónleikar föstudaginn 28. júlí í Trier, Kaiserthermen. Euro 35.20
<http://www.e-ticket.lu>



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771, 021 142 060,	fil@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, ritari,	2694 5105, 021 501 117,	fil.ritari@islandus.net
Inga Birna Antonssd., gjaldkeri,	2671 0929, 021 224 312,	fil.gjaldkeri@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163, 091 637 888,	gudbjorgs@islandus.net
Elísabet I. Einarssdóttir, meðstjórnandi,	799 508, 021 363 734,	elisabete@islandus.net
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006, 091 348 737,	oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net

Eyjólfur Hauksson, formaður,	768 545
María Huesmann	358 556
Sólveig Stefánsdóttir	789 341
Agnar Sigurvinnsson	435 183
Sigurður Kristinsson	787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður, 341 882,	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari, 357 064,	stella26@pt.lu
Íris Þorkelsdóttir	gjaldkeri, 780 510,	spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður, 26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri, 26 945 006

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Berglind Guðjónsdóttir	Elísabet Sigurðardóttir
Elín Valsdóttir	Herdís Matthíasdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smaauglýsingar

Ýmislegt

Sætar kanínur

Sætar kanínur fást gefins. Þær eru búsettar í garði, eiga lítið bú og elska að hlaupa um á afmörkuðu svæði innan girðingar. Áhugasamir hafið samband við Bryndísi í síma 341882.

Hjólhýsi til sölu

Til sölu Hobby hjólhýsi árg. 1994-1995, 7 metra langt. Sumar-og vetrarfortjald fylgir með ásamt ýmsum aukaútbúnaði t.d. útiborð og stólar. Verð: 4300 €

Upplýsingar gefa
Þóra í síma 021 168 341
Netfang thorak@atlanta.is
Rúnar í síma 021 501 116
Netf. runar_russel@hotmail.com

Íbúðaskipti

Ertu á leið til Íslands í júlí?

Ef svo er, væri ekki notalegt að vera með íbúð þar fyrir þig og þína fjölskyldu. Vera í smá næði í notalegu umhverfi! Ekki búa inn á öðrum fjölskyldumeðlimum á klakanum....

Okkur fjölskyldunni langar að komast til Luxembourgar í júlí, í eina, tvær eða þrjár vikur og vorum við að hugsa hvort að það væri ekki bara sniðugt að skipta um íbúð við einhverja sem eru á leið til Íslands!

Þið fáið okkar íbúð og við ykkar:)

Ef þið hafið áhuga að kanna þetta þá búum við í 4 herbergja íbúð í Mosfellsbæ, endilega sendið okkur mail, doddi7@hotmail.com eða hringið í Dodda í gsm 021 289 574.

Kveðja Eva
(fyrrv. kennari í Íslenskuskólanum).

Icelandic teacher

We, two german women (Luxembourg residents), would like to learn Icelandic and are looking for a teacher. Teaching could be in german, english or french once (or even twice) a week. If you can help us, please contact:
annelie.dreher@cec.eu.int
brigitte.freitag@cec.eu.int

Myndlist, vatnslitamyndir

Sigrún H. Rosenberg er með vatnslitamyndir, litlar og stórar til sölu. Upplýsingar í sínum 358 207 og 061 919 161.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg
www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.show.lu
www.poppconcerts.de
www.luxembourgticket.lu
tel: 47 08 951

Belgía
www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Islandus.net

Munið eftir www.islandus.net Þar er að finna nýjustu fréttir frá öllum Íslendingafélögum í Evrópu sem taka þátt í þessu netsamstarfi.

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;
"Betra er að fara á kostum en taugum."